

Foreldrakönnun Kópavogs 2021

**Samantekt á niðurstöðum fyrir
Leikskólann Núp**





Könnun hafin: 1. feb. 2021

Könnun lýkur: 1. mar. 2021

Fjöldi þátttakenda: 85

Fjöldi svarenda: 74

Svarhlutfall: 87,1%

Um könnunina

- Könnunin er samræmd foreldrakönnun leikskóla sem mælir 31 þátt í sex flokkum.
Könnunin er framkvæmd af Skólapúlsinum og var send til foreldra alla barna á leikskólanum.
- Í þeim tilfellum þar sem netföng tveggja foreldra eru skráð er hending látin ráða hvor aðilinn fær könnunina
- Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af mati foreldra innan þeirra leikskóla sem tóku þátt og náðu viðunandi svarhlutfalli eða yfir 80%. Ef svarhlutfall er lægra eru niðurstöður birtar með fyrirvara
- Leikskólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu.

Um könnunina – túlkun niðurstaða

- Undir hverjum matsþætti geta verið nokkrar spurningar eða allt frá einni spurningu sem myndar matsþáttinn upp í 10 spurningar.
Niðurstöður einstakra matsþátta eru settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum.
- Niðurstaðan fyrir leikskólann Núpur er borin saman við landið og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður.
- N er fjöldi þeirra sem svara öllum spurningum undir hverjum matsþætti fyrir sig og lægri talan stendur fyrir þá sem eru mjög eða frekar ánægðir/sammála (40/43)
- Breyting: talan sýnir hvað hefur breyst hjá okkur frá síðustu mælingu

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N ↓	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	93,0%	40 _{/43}	14,0%	89,7%	1472 _{/1639}	3,3%
2.2. Aðstaða	93,8%	45 _{/48}	25,9%	92,8%	1801 _{/1936}	1,0%
2.3. Félagsleg samskipti	94,4%	51 _{/54}	5,3%	95,3%	2014 _{/2114}	-0,9%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	97,5%	39 _{/40}	-0,7%	97,1%	1523 _{/1569}	0,4%


1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	89,7%	61 _{/68}	21,3%	93,0%	2480 _{/2665}	-3,3%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	94,4%	68 _{/72}	-	96,1%	2680 _{/2785}	-1,7%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	89,1%	57 _{/64}	-3,7%	95,4%	2444 _{/2561}	-6,3%*
1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild	81,7%	49 _{/60}	-5,5%	87,1%	2139 _{/2454}	-5,4%
1.5. Sérþarfir í matarræði	9,6%	7 _{/73}	3,3%	15,0%	429 _{/2872}	-5,4%
1.6. Holt matarræði	91,7%	66 _{/72}	-7,1%	94,4%	2643 _{/2797}	-2,7%
1.7. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	94,5%	69 _{/73}	-	91,5%	2626 _{/2866}	3,0%


- **Ánægja með leikskólann** hér höfum við bætt okkur verulega frá síðustu könnun. Breytingin er 21,3% frá síðustu könnun en þá mældist ánægjan 68,4%. Þess má geta að þá var lóðin inn í þessum lið sem ekki er núna og en hún var verulega farin að láta á sjá
- **Ánægja foreldra með stjórnun** – þessi spurning breytt frá síðustu könnun. Við mælumst hér rétt undir landsmeðaltali en 68/72 af þeim sem svara telja að skólanum sé mjög vel eða vel stjórnað
- **Ánægja barns** – hér er samanburður á landvísu ekki okkur í hag, erum -6,3% marktækt undir landsmeðaltali og okkur hefur farið aftur frá síðustu mælingu. Við skoðum á glærum sex og sjö hvaða spurningar liggja að baki matsþætti 1.3.
- **Hæfilegur fjöldi barna á deild**- í ár er fleiri foreldrum sem finnst ekki vera hæfilegur fjöldi barna á deild og skv. niðurstöðum er sú skoðun ríkari hjá foreldrum eldri barna. 49/60 sem svara spurningunni finnst vera hæfilegur fjöldi en 11/60 ekki.
- **Sérþarfir** – aukning á milli ára á fjölda barna með sérþarfir í matarræði. Hefur líka aukist á landvísu en við erum samt þó nokkuð undir landsmeðaltali (s.s. færri börn hér)
- **Holt matarræði** – hérna hefur ánægjan minkað töluvert frá síðustu könnun en 66/72 er mjög sammála eða frekar sammála því að leikskólinn bjóði upp á hollt og gott matarræði.
- **Ánægja með húsnæði og aðstöðu** – þetta er ný spurning og niðurstöður sýna ánægju með breytingar á lóð

1. Daglegt leikskólastarf

1.1. Ánægja með leikskólann – Ársmeðaltöl




1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum – Ársmeðaltöl



1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum 89,1% / -6,3%*


1.3.1 Barninu mínu líkar almennt vel í samverustundum



Fjórar spurningar mynda matsþáttinn

1.3.1.
97% foreldra mjög/frekar sammála


1.3.2 Barninu mínu líkar almennt vel í frjálsum leik



1.3.2
98,6 % foreldra mjög/frekar ánægð

1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum 89,1% / -6,3%*

1.3.3 Barninu mínu líkar almennt vel í hópstarfi




Fjórar spurningar mynda matsþáttinn

1.3.3.

95,3% foreldra mjög/frekar sammála

1.3.4 Barninu mínu líkar almennt vel í útivist



1.3.4

95,8 % foreldra mjög/frekar ánægð


2. Námsumhverfi

Matspættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	93,0%	40 _{/43}	14,0%	89,7%	1472 _{/1639}	3,3%
2.2. Aðstaða	93,8%	45 _{/48}	25,9%	92,8%	1801 _{/1936}	1,0%
2.3. Félagsleg samskipti	94,4%	51 _{/54}	5,3%	95,3%	2014 _{/2114}	-0,9%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	97,5%	39 _{/40}	-0,7%	97,1%	1523 _{/1569}	0,4%


- **2.1 vinnubrögð** – hér er jákvæð breyting milli kannana um 14% og við komin yfir landsmeðaltal en hér er m.a. spurt um hæfni starfsfólk, fjölbreytt námstækifæri, stuðning við börn með sérþarfir oþ
- **2.2 Aðstaða** – hér er jákvæð breyting milli kannana um 25,9 % og við komin yfir landsmeðaltal en hér er spurt um námsumhverfi og aðgengi að fjölbreyttum efnivið
- **2.3 Félagsleg samskipti** – hér er jákvæð breyting á milli kannana um 5,3% og við nálgumst landsmeðaltal. Hér er m.a. spurt um tækifæri barna til félagslegra samskipta, leiðsögn um leiðir til samskipta, vini o.fl.
- **2.4 Þátttaka án aðgreiningar** – hér er lágt svarhlutfall og bera að túlka niðurstöður af varkárni. 97,5% foreldra sem svara mjög sammála/frekar sammála því að réttindi barna séu virt, að öll börn tilheyri barnahópnum og að börnum af ólíkri menningu eða uppruna sé mætt

2. Námsumhverfi

2.1. Vinnubrögð – Ársmeðaltöl




2.2. Aðstaða – Ársmeðaltöl




2. Námsumhverfi

2.3. Félagsleg samskipti – Ársmeðaltöl



2.4. Þátttaka án aðgreiningar – Ársmeðaltöl




3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	81,7%	49/60	10,2%	73,9%	1684/2272	7,8%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	85,3%	58/68	-0,6%	81,0%	2195/2708	4,3%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	88,2%	60/68	-3,3%	90,5%	2442/2698	-2,3%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	72,9%	43/59	0,9%	65,9%	1401/2120	7,0%
3.5. Tímasetning viðburða	90,4%	47/52	-3,4%	87,0%	1588/1832	3,4%
3.6. Heimasíða leikskólans	78,0%	39/50	-20,8%	84,9%	1903/2220	-6,9%


- **3.1 Upplýsingamiðlun:** Þar eru 6 spurningar sem mynda matsþáttinn, þær snúa starfi deilda, upplýsingagjöf um börnin og starfið og samskiptum deilda við foreldra. Hér höfum aftur bætt okkur verulega frá síðustu könnun en þarna eru samt þættir sem við þurfum að skoða betur s.s. að foreldrar fái að heyra meira um þegar barninu gengur vel (15/53) og 7/62 eru frekar/mjög ósammála því að leikskólakennarar/starfsfólk sem áhugasamt og samstarfsfúst þegar foreldrar vilja ræða um barnið.
- **3.2 Þekking á stefnu og námsskrá** - Við erum óskaplega glöð að sjá að foreldrar þekkja stefnu skólans vel og námsskrána og erum yfir landsmeðaltali þar
- **3.3 Tengsl við starfsfólk** – hér höfum við aðeins dalað (3,3%) frá mikilli bætingu þar á undan. En við fylgjum landsmeðaltali, landið hefur líka dalað og mögulega tengist þetta covid-19 þar sem engin hefur mátt koma inn í skólana meirihluta vetrar.
- **3.4 Hvatning til þátttöku** – erum enn að bæta í þar og erum 7% yfir landsmeðaltali
- **3.5 Tímasetning viðburða** – 90,4 % eru mjög og frekar ánægð með tímasetningar viðburða og erum yfir landsmeðaltali. Ánægja hefur þó aðeins minnkað hjá okkur þrátt fyrir að engin breyting hafi orðið á tímasetningum
- **3.6 Heimasíða leikskólans:** hér hefur okkur verulega farið aftur. Mögulega tengist það facebook síðum sem spurt er um í sömu spurningu og heimasíðu en við höldum þeim ekki úti lengur þar sem persónuverndarlögin styðja það ekki.

3. Samskipti við foreldra

3.1. Upplýsingamiðlun – Ársmeðaltöl




3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans – Ársmeðaltöl




3. Samskipti við foreldra

3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans – Ársmeðaltöl



3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu – Ársmeðaltöl



4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	82,4%	14 _{/17}	17,1%	72,8%	472 _{/646}	9,6%
4.2. Flutningur milli skólastiga	60,0%	6 _{/10}	-1,5%	64,9%	182 _{/288}	-4,9%
4.3. Flutningur milli deilda	97,2%	35 _{/36}	8,1%	91,3%	1181 _{/1299}	5,9%

4.1 Leikskólabyrjun – hér höfum við virkilega bætt okkur og breyting á milli kannana 17,1%


4.2 Flutningur milli skólastiga – hér hefur okkur farið aftur sem er kannski eðlilegt þar sem samstarfið við Lindaskóla lá í dvala þar til núna í mars. Ein af spurningunum um er um að foreldrar fái að vera virkir þátttakendur í flutningi barna sinna sem okkur finnst skrýtið þar sem veturinn er ekki búin þegar könnunin er lögð fyrir og foreldraheimsóknir í grunnskólann eru á þeirra vegum en ekki okkar.

4.3 Flutningur milli deilda – hér höfum við líka bætt okkur en 97,2% foreldra eru mjög og frekar sammála

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	14,1%	9/64	5,4%	14,4%	365/2559	-0,3%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	2,9%	2/69	-3,3%	10,3%	280/2732	-7,4%*

5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings – Ársmeðaltöl



5.1 Við erum með töluverða aukningu á börnum sem njóta sérkennslu (5,4% á milli kannana) og stuðnings frá síðustu könnun og mælumst nú rétt undir landsmeðaltali (-0,3%).

5.2. Hlutfall beiðna um sérfræðipjónustu hefur minnkað um 3,3% á milli kannana og er hér langt undir landsmeðaltali (-7,4%)



6. Opnar spurningar

6.1 Hvað er gott við skólann?

Í þessum lið var hæsta svarhlutfallið (29) af öllum opnum spurningum sem er frábært og við fengum mjög mikið að fallegum ummælum, það erum við þakklát fyrir.

Það sem oftast er nefnt er:

- Frábært og jákvætt starfsfólk, glaðlegt viðmót
- Ánægja með matinn
- Frábært umhverfi
- Góðir og faglegir kennarar, gott viðmót
- Mikið upplýsingaflæði
- Barninu mínu líður vel, glöð börn
- Góð samskipti við foreldra, gott andrúmsloft
- Frábært upplýsingaflæði á tímum Covid-19

6. Opnar spurningar

6.2 Hvað er slæmt eða má betur fara við skólann?

Það sem oftast er nefnt er:

- Meiri upplýsingar um barnið fyrir utan foreldrafundi
- Meiri upplýsingar í lok dags, bæði um það sem gengur vel og almennt um hvernig dagurinn hefur gengið
- Tenging við starfsfólk minni á Covid tímum
- Betri kynning á nýju starfsfólki, vantar myndir á heimasíðu
- Við erum alltaf að reyna að bæta upplýsingaflæði t.d. sendum við ítarlega vikupósta með myndum í gegnum Sway. Við þurfum að bæta okkur í að koma daglegum upplýsingum betur til skila og erum að skoða hvernig við getum útfært það t.d. með ítarlegri skráningum í Völu eða einhvern annan hátt ef eitthvað hefur komið upp á um daginn sem þarf að koma til skila. Ekki má þó gleyma því að foreldrar geta alltaf óskað eftir auka viðtali, sent deildarstjóra línu eða hringt.
- Varðandi heimasíðuna þá erum við í klípu, gert er ráð fyrir að myndum af starfsfólki en á sama tíma hefur starfsfólk leyfi til að neita myndbirtingu á forsendum nýju persónuverndarlagana og því vantar töluvert af myndum. Þetta þarf auðvitað að tala saman og við vonandi fáum einhverja lausn frá okkar yfirmönnum varðandi það. Við höfum auglýst á heimasíðu þegar nýtt starfsfólk hefur störf en spurning er hvort foreldrar eru almennt að skoða það og við þurfum því að íhuga fleiri leiðir.

6. Opnar spurningar

6.3 Daglegt starf, eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?

Það sem er m.a. nefnt

- Góðir vikupóstar og myndir á föstudögum
- Snillikennslan áhugaverð og skemmtileg
- Viðmót starfsfólk einstaklega gott og það sýnir foreldrum og börnum hlýju og virðingu
- Mætti passa klæðnað barna betur í útivist
- Eins og maturinn sé ekki nægilega sniðin að þörfum barna, barnið kemur svangt heim
- Völu appið mætti vera betra
- Mætti ganga betur að taka á móti barninu á morgnana
- Oft of stíf dagskipulag

- Völu appið hefur því miður ekki staðið undir væntingum s.s. með skráningar og myndbirtingar. Advania er núna að vinna í að lagfæra appið og er komin áleiðis með að bæta skráningarnar en við höfum ekkert heyrt ennþá með myndbirtingarnar.
- Nokkrir nefndu að það mætti ganga betur á móti barninu á morgun. Það er erfitt að svara þessu almennt þar sem hvert og eitt barn er einstakt en oft snýst þetta um að barnið höfðar til tilfinninga foreldris og foreldri gengur illa að kveðja og fara sem er eðlilegt ef barnið grætur. Við erum ávalt tilbúin að ræða við foreldra ef þessi staða kemur upp og gera það sem við getum til að finna út úr því í sameiningu hvernig við getum gert þennan aðskilnað þægilegri.
- Dagskipulagið okkar er í stöðugri endurskoðun og síðustu þrjá vetur höfum við unnið markvisst að því að endurskoða það með tilliti til þess að einfalda það. Því verki er ekki lokið og er enn í umbótavinnu.

7. Aukakönnun – Covid viðbrögð

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Ánægja með COVID viðbrögð	97,1%	66/68	-	96,6%	2566/2655	0,5%



Samantekt

Nú er þetta í þriðja sinn sem könnunin er lögð fyrir á vegum Skólapúlsins, við erum verulega ánægð með að við erum enn að bæta marga þætti mikið eða allt frá 2016 en þá var fyrsta könnunin lögð fyrir. Hins vegar eru nokkrir þættir þar sem árangur okkar hefur dalað og það þurfum við að skoða með tilliti til umbóta.

Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt kærlega fyrir, mat sem þetta skiptir okkur mjög miklu máli enda forsenda umbóta.